

# FÉLAGSSÁLFRÆÐI

## E-216-FESA



**Ár:** 1. ár.

**Önn:** Haustönn.

**Tegund námskeiðs:** Skylda (kjarnanámskeið).

**Undanfarar:** Engir.

**Skipulag:** 3ja vikna námskeið

**Kennari:** Heiðdís Valdimarsdóttir.

### Lýsing:

Námskeiðið er inngangur að félagssálfræði. Lögð verður áhersla á að fjalla um hvernig einstaklingar hafa áhrif á hegðun hvers annars, skoðanir, tilfinningar og viðhorf. Meðal efnis og spurninga sem fjallað verður um eru:

- Hvers vegna eru einstaklingar stundum hjálpfúsir en gera á öðrum stundum fólki mein?
- Hvers vegna taka einstaklingar stundum þátt í ákvörðunum þrátt fyrir að finnast þær stangast á við siðferðileg gildi?
- Undir hvaða kringumstæðum hegða einstaklingar sér á þann hátt sem stangast á við venjulega hegðun þeirra?

### Lærdómsviðmið: Að námskeiði loknu á hver nemandi að geta:

- Skilið helstu líkön og kenningar sem notaðar eru til að útskýra lykilhugmyndakerfi félagssálfræði.
- Varpað ljósi á vísindalegt eðli félagssálfræði.
- Sýnt fram á hin miklu áhrif sem félagslegt umhverfi hefur á hugsanir, tilfinningar og hegðun.
- Lagt gagnrýnt mat á rannsóknaraðferðir og niðurstöður í félagssálfræði.
- Beitt félagslegum hugmyndakerfum á daglegt líf, þ.m.t. stjórnmál, fjölmiðla og eigin upplifanir.

**Námsmat:** Tímapróf, þátttaka í umræðuhópum og lokapróf.

**Kennsluaðferðir:** Fyrirlestrar, hópavinna og umræðutímar.

**Tungumál:** Íslenska og enska.

**ECTS:** 6.